

Úthlutun Hvatasjóðs Seyðisfjarðar



miðvikudaginn 16. febrúar 2022

Ávarp Gauta Jóhannessonar, formanns verkefnastjórnar Hvatasjóðs Seyðisfjarðar

Hvatasjóður Seyðisfjarðar úthlutar nú öðru sinni til verkefna er varða atvinnuuppbyggingu í byggðalaginu. Sjóðurinn er stærsti einstaki þáttur Seyðisfjarðarverkefnis stjórnvalda, Múlaþings og Austurbrúar en stefnan er að virkja frumkvæði íbúa og annarra sem tengjast byggðalaginu, svo og að koma til móts við móts við þá atvinnurekendur og einstaklinga í atvinnurekstri sem orðið hafa fyrir tjóni. Eins og á fyrsta ári Hvatasjóðsins einkenndust umsóknir af miklum metnaði en alls bárust 36 umsóknir frá 28 aðilum. Sótt var um ríflega 220 milljónir en úthlutað var 55 milljónum til 17 verkefna. Þau eru fjölbreytt og sum hver stór í sniðum og bera vitni því einstaka hugarfari sem einkennir Seyðfirðinga.

Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á verkefni sem varða uppbyggingu atvinnuhúsnæðis enda ljóst að þar er mikið verk framundan. Fjölmargar umsóknir bárust og var ákveðið að veita um 25 milljónum til sex aðila til að vinna að slíkum verkefnum. Það þarf ekki að fjölyrða um að verkefnisstjórninni var vandi á höndum við valið, enda mörg áhugaverð og mikilvæg verkefni sem sótt var um. Þá var, eins og við fyrstu úthlutunina 2021, áhersla lögð á að koma til móts við þann atvinnurekstur sem orðið hefði fyrir tjóni en einnig var horft til verkefna sem stuðla að nýsköpun og þróun, aukinni sjálfbærni, sýnileika svæðisins og hafa ríkt samfélagslegt gildi.

Ég þakka fagraði sjóðsins sem lagði á sig mikla vinnu við mat á umsóknum, verkefnastjórn Hvatasjóðsins og starfsfólki Austurbrúar. Öllum umsækjendum vil ég svo þakka sérstaklega, og vona að við munum ekki aðeins sjá þær hugmyndir lifna við sem hlutu brautargengi að þessu sinni. Áhuginn og metnaðurinn sem birtist í umsóknum í sjóðinn gefa okkur svo sannarlega ástæðu til bjartsýni um framhaldið.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stjörnuhlástur - Sævar Jónsson	Málningarklefi	kr. 16.000.000

Kaup og uppsetning á sérhæfðum málningarklefa til að mæta tjóni sem varð í skriðuföllunum í desember 2020. Klefinn eykur nýtingu sandblástursklefa fyrirtækisins og gerir því kleift að fullvinna stærri hluti á sama stað. Nýr klefi skýtur stoðum undir atvinnustarfsemi á Seyðisfirði þar sem hann tryggir áframhaldandi vinnu í fyrirtækinu og veitir fyrirtækjum og einstaklingum þjónustu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA skólinn	Skólahúsnæði	kr. 10.000.000

Nauðsynleg endurnýjun húsakosts fyrir LungA skólann, sem tekur á þeim húsnæðisvanda sem skólinn er í og er tækifæri til þess að auka við starfsemina og tryggja skólanum starfsgrundvöll allt árið. Ný störf verða að minnsta kosti 3-4 auk afleiddra starfa. Að sama skapi mun sterkari og stærri LungAskóli efla menntasamfélagið á Austurlandi sem og Lýðskóla-samfélagið á Íslandi í heild.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hanna Christel Sigurkarlsdóttir	Iðnaðarhús í aldamótastíl	kr. 4.500.000

Hönnunarfasi og undirbúningur fyrir byggingu iðnaðarhúsnæðis á Seyðisfirði sem mun hýsa starfandi trésmíðaverkstæði og önnur tengd verkefni. Um er að ræða timburhús í aldamótastíl á tveimur hæðum (efri hæð undir súð). Húsið mun að mestu nýtast undir trésmíði en auk þess undir línolímálningargerð, en bæði verkefni hlutu styrk úr síðustu úthlutun Hvatasjóðs.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	Hönnun safnasvæðis	kr. 3.000.000

Tækniminjasafnið missti mestan hluta síns húsnæðis í aurskriðunni 2020. Í kjölfar þess setti Múlaþing á laggirnar ráðgjafanevnd til þess að fjalla um færslu húsa, sem lagði til nýja staðsetning fyrir safnið á Lónsleiru. Gerð var tillaga um flutning bryggjuhússins Angró þangað fyrir starfsemi safnsins og bent á þann möguleika að byggja annað sjóhús og/eða annars konar húsakost, svo og safnasvæði utandyra. Framundan er hönnunarvinna á safnasvæði, nýrri safnbyggingu og innri hönnun á bryggjuhúsinu Angró.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Húsahtel	Verkstæði	kr. 3.000.000

Verkstæði fyrir öflugt teymi af iðnaðarfólki sem verði uppbyggingarafi með sérkunnáttu í endurgerð gömlu húsa Öldunnar, þar sem hægt er að smíða og undirbúa verkþætti fyrir ísetningu í húsin, eins og glugga, stiga ofl. Auk verkstæðis verði byggður lager fyrir aðföng og starfsmannaaðstaða.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
GO-IoT	DINGO-STACK BTL-CERTIFICATE	kr. 3.000.000

Development and certification of software with the aim to add functionality to the BACnet part of the software stack (DINGO-Stack) such that it becomes a BACnet Controller (B-BC) as defined by BACnet International, prepared for BTL-certification. The aim of this project is to give Go-IoT a better competitive edge so that the company can become sustainable the fastest possible and can scale up the Seyðisfjörður office.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Herðubreið	Herðubreið Collective	kr. 2.500.000

Herðubreið Co-Space for Innovation will provide facilities, mentoring support and space for businesses, entrepreneurs and creatives to operate their practice from in the center of Seyðisfjörður. Since the landslides, what is abundantly clear is the need for office and workspace. Once the outside of Herðubreið has been fixed up, summer 2022, it will be possible to work on the interior behind the theatre. This space provides three large private or shared office spaces and a large shared kitchen and meeting room. By establishing the Herðubreið Co-Space, businesses and individuals will join a larger community of support with facilities and opportunities within the community and culture center.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnar S - E.J. Waage ehf	Öruggt verkstæði	kr. 2.500.000

Bygging skemmu fyrir bifvélavíðgerðir og dekkjaskipti. Ætlunin er að byggja upp verkstæði á öruggu svæði í bænum, þar sem hægt er að bjóða upp á almennar víðgerðir, dekkjaskipti ofl. með möguleika á stækkun til seinni tíma.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skálanessetur	Rannsóknaráætlun	kr. 2.000.000

Skálanes hefur frá stofnun unnið í samstarfi við fjölda háskóla að uppbyggingu tengt rannsóknum og kennslu. Nauðsynlegt er að formgera rannsóknaráætlun um hvert sé stefnt og með hvaða verkfærum, til að skapa yfirsýn og dreifa verkefnum og ábyrgð á rétta staði. Með þessari stefnu er auðveldara fyrir alla hlutaðeigandi að sækja stuðning innan sinna stofnana og að fjármagna kostnað og tækjakaup en umfang rannsókna og verkefna er orðið svo víðfeðmt að það eitt kallar á verkefnisstjórn drjúgan hluta úr ári.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell	Printmaking Services and Courses	kr. 2.000.000

A collaborative project dedicated to offering professional printmaking facilities and courses for local and visiting artists and students of all age groups. The new facilities, established with a grant from Hvatasjóður in 2021/22, offer rentable space and equipment for silkscreen, intaglio (linocut, woodcut, etching), letterpress and various hand printing techniques. They are replacing the shared printmaking facilities, which were completely destroyed in the landslides. The Printmaking Services and Courses project aims to test and fine-tune an operational structure and business plan for the new print workshop as a service and workplace for local and visiting artists and as a teaching facility. The aspiration is to make this workshop more economically sustainable, and to create a permanent part-time job running its services.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Austurlands Food Coop	Production kitchen	kr. 1.500.000

Developing the brick and mortar shop's back kitchen into a Value Added Product production kitchen. The back kitchen would focus on fully using Austurland Food Coop's vegetables and fruits, to minimize food waste. This would include cutting and packaging vegetables and fruits for restaurants and professional kitchens, as well as developing products such as pickles and jams. In essence this project aims to strengthen the company's infrastructure, which is still suffering from the landslides in December 2020.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin	Skriðusögur – a photography book	kr. 1.500.000

Combining photographs, artworks and texts, "Skriðusögur" is a book that tells the story of the Seyðisfjörður landslides of December 2020. Designed, edited and published by Ströndin Studio, the book will be co-authored by several contributors from the local community. This publication emerges from Part 1 of The Landslide Project, Ströndin Studio's online photography exhibition. Many of these portraits and stories will be incorporated and several other chapters added to include new images, paintings, poetry, postcards, drawings and QR codes that provide access to media artworks. The compilation will be carefully designed to become a photo album, a community history book and an art object. „Skriðusögur“ will be printed and ready for purchase by December 18, 2022, the second anniversary of the landslide.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	Sumarsýning	kr. 1.100.000

Sýning í formi gönguleiðar með vörðum um ofanflóð í Seyðisfirði, fyrr og nú, sem ætlað er að miðla orsökum og afleiðingum skriðufalla á náttúru og samfélag með sérstaka áherslu á skriðuföllin í desember 2020. Sýningin mun að miklu leyti byggja á verkefni sumarið 2021 þar sem rannsakendur kynntu sér aðstæður Tækniminjasafnsins í kjölfar skriðufallanna á ýmsa vegu, gegnum viðtöl, fræði- og þátttökuathugun. Afrakstur verkefnisins má sjá á tekmus.hi.is. Útgangspunktur sýningarinnar verður samband manns og náttúru og verður hún að vissu leyti "þverfagleg" þar sem stuðst verður t.a.m. við jarðfræði, fornleiffræði, safnafræði og sagnfræði þar sem atvinnusögu Seyðisfjarðar verða gerð skil.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sören Björnshave Taul	Málmur	kr. 1.000.000

The idea behind Málmur is to establish a fully functional welding studio in Seydisfjordur. Welding studio Málmur will welcome experimental processes of metal fabrications along with experimental collaborations with local institutions, residents and companies. Málmur will rely on its strong ties to functionality in design and its vision of incorporating sustainability in a sector known to be held by non-sustainable production methods. These processes and collaborations will result in furniture and inventory with a characteristic design-identity attributing Seydisfjordur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Halldóra K. Lárusdóttir	Herðubrauð	kr. 500.000

Samfélagsbakarið Herðubrauð hóf starfsemi sína í menningar- og félagsheimilinu Herðubreið í júní 2021. Verkefnið er unnið í samstarfi við Herðubreið og fer öll framleiðsla þar fram í vottuðu iðnaðareldhúsi. Á sumardögum 2022 eru fyrirhugaðar helgaropnanir ásamt fjölbreyttum viðburðum og uppákomum. Áhersla verður lögð á þróun fjölbreyttara vöruúrvals og baksturs sem sækir innblástur sinn í árstíðarbundin hráefni frá nærumhverfi og leitast við að nota afurðir frá smáframleiðendum á Austurlandi. Færanlegt verslunarymi verður útbúið í Herðubreið til að búa verkefninu skýrari ramma og auðga fagurfræðilega upplifun viðskiptavina.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin	Photography workshop „Augu, hendur og eyru“	kr. 500.000

The Ströndin School of Photography 2022 workshop and conference series „Augu, hendur og eyru“ will focus on alternative methods of learning and practicing photography. Building on our mission to bring together teachers, artists and the community at large to share and develop analogue photography in East Iceland, this year's program will be targeted to those who want to experiment with light sensitive materials and learn specialized photographic processes that involve making photographs on metal, glass and rare types of paper. Guest experts will be invited to Seyðisfjörður to share their knowledge and contemporary photographers from across Iceland and abroad will be invited to tell us how they've made their pictures during our on-line lecture series of the same title: „Augu, hendur og eyru“.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ása Kristín Árnadóttir	Lokkafín- Lokahnykkur	kr. 400.000

Lokið við endur-uppbyggingu hárgreiðslustofunnar Lokkafín sem gjöreyðilagðist í skriðunni í desember 2020. Hún var enduopnuð í nóvember sl. en einungis með grunnbúnaði. Verkefnið miðar að því að skjóta frekari stoðum undir reksturinn, m.a. með öðrum hárgreiðslustól og búnaði, og tryggja íbúum grundvallarþjónustu í heimabæ sínum.



Verkefnisstjórn við úthlutun

- Gauti Jóhannesson, formaður
- Stefán Bogi Sveinsson
- Berglind Harpa Svavarsdóttir
- Einar Már Sigurðarson

Fagráð Hvataspjósins skipa

- Kristján Þ. Halldórsson, formaður
- Dagmar Ýr Stefánsdóttir
- Sindri K. Sigurðsson